

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Nýtt deiliskipulag fyrir Hringhamar 21, þróunarreitir 25B í Hamranesi.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 12. janúar sl. deiliskipulag fyrir reit 25B, við Hringhamar 21 í Hamranesi. Á deiliskipulagsreitnum, sem úthlutað var sem þróunarreit, er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir þrjú fjölbýlishús, 3-6 hæða með allt að 85 íbúðum.

*Nýtt deiliskipulag fyrir Hringhamar 35, þróunarreitir 28B í Hamranesi.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti afgreiðslufundur skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar á fundi sínum 25. maí sl. deiliskipulag fyrir reit 28B, við Hringhamar 35 í Hamranesi. Á deiliskipulagsreitnum, sem úthlutað var sem þróunarreit er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir tvö 5 hæða fjölbýlishús með allt að 46 íbúðum, ásamt bílakjallara og reit fyrir smáhýsi á lóð.

Uppdrættir ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 31. maí 2022.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Anna Margrét Tómasdóttir** verkefnastjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 15. júní 2022